Sorpurðun Vesturlands

# F U N D A R G E R Ð

## Sjórnarfundur í Sorpurðun Vesturlands hf. haldinn á skrifstofu SSV í Borgarnesi, þriðjudaginn 6. desember 2016 kl. 15:00

Mætt voru: Kristinn Jónasson, formaður, Auður H Ingólfsdóttir, varaformaður, Arnheiður Hjörleifsdóttir, Finnbogi Leifsson, Karitas Jónsdóttir, og Sævar Jónsson. Sturla Böðvarsson boðaði forföll. Einnig sat fundinn Hrefna B. Jónsdóttir framkvæmdastjóri og gestur fundarins, Páll Brynjarsson, framkvæmdastjóri SSV.

Formaður bauð fundarmenn velkomna og gekk til dagskrár.

1. **Fundargerð síðastu funda.**
   a. 24. ágúst stjórnarfundur. Samþykkt.

2. **Fjárhagsáætlun 2016.**
   **a. magntölur úrgangs**

Lagt fram yfirlit yfir fyrstu ellefu mánuði ársins. Í lok nóvember hafa verið urðuð alls 11.656 tonn sem er 430 tonnum meira en allt árið 2015.

**b. gjaldskrármál**

Samþykkt að hækka gjaldskrá.

Almennan úrgang úr 7,50 í 7,70 pr./kg. án vsk.
Sláturúrgang úr 14,40 kr. í 14,80 kr./kg./án vsk.
Seyra úr 7,50 í 7,70 pr./kg. án vsk.
Asbest úr 10,50 í 10,80 pr./kg. án vsk.

**c. fjárhagsáætlun 2017**

Reiknað er með 12.000 tonnum í urðun á árinu 2017. Lögð fram tekju- og gjaldaáætlun fyrir árið 2017 og var henni fylgt úr hlaði af framkvæmdastjóra og formanni. Samþykkt.

3. **Rekstur urðunarsvæðisins**
   **a. Fyrstu skref í rekstri nýrra síubeða**

Framkvæmdastjóri fór yfir fyrstu dagana í rekstri urðunarstaðarins eftir frágang við síubeð.

**b. Gassöfnunaráætlun**

Lögð fram til minnis áætlun sem send var UST . Rætt um að fá tilboð í hönnun gassöfnunarkerfis.

**c. Mælingar á hauggasi.**

Lögð fram stutt samantekt Eflu, verkfræðistofu, varðandi mælingu á hauggasi í fjórum borholum í urðunarstað en samkvæmt starfsleyfi skal mæla þrýsting og samsetningu hauggas í borholunum einu sinni mánuði.

## 4. Áhættugreining við eldsupptök

### a. Búnaður og verklag

Lagt fram yfirlit yfir fyrirbyggjandi aðgerðir til að koma í veg fyrir bruna á urðunarstaðnum og verklag og búnað sem starfsmenn þurfa að geta gripið til ef bruni kemur upp. Framkvæmdastjóri fór yfir tillögur sem unnar hafa verið með aðkomu allra starfsmanna Sorpurðunar Vesturlands hf. með Stefán Gíslason til aðstoðar. Um er að ræða tillögur sem voru lagðar fram sem fyrstu drög á síðasta stjórnarfundi og unnið hefur verið með á milli funda. Stjórnarmenn lýstu ánægju sinni yfir þeirri vinnu sem farið hefur fram. Framkvæmdastjóri og Þorsteini falið að útfæra lið nr. 5 í samráði við Slökkviliðsstjóra Borgarbyggðar

### b. Tilboð frá eldvarnarmiðstöðinni

Lagt fram.

## 5. Umhverfisstofnun

### a. Reglubundið eftirlit frá 9. nóv. 2016

Framkvæmdastjóri greindi frá eftirliti UST. Eftirlitsskýrsla hefur ekki borist en væntanleg.

### b. Ósk um breytingar í starfsleyfi

Lögð fram til kynningar breyting á starfsleyfi urðunarstaðar Sorpurðunar Vesturlands hf. og samsvarandi breyting á fyrirmælum um frágang og vöktun eldri urðunarstaðar. Breytingin gengur út á að breyta viðtaka sem hefur verið Norðlækur sem er staðsettur nokkuð langt fyrir neðan útrás úr síubeðum. Lögð er til breyting á starfsleyfi. Í stað orðsins „Norðlækur" komi orðið „útrásarskurður" sem er við útrás úr hreinsivirkjum/síubeðum.

## 6. Fundargerðir

### a. Fundargerð frá Samráðsnefnd sorpsamlaganna á SV-horninu frá 10.11.2016.

Formaður og framkvæmdastjóri sátu fundinn og fóru yfir atriði í fundargerð. Samþykkt var að leggja það fyrir stjórnir sorpsamlaganna að fara í endurskoðun á svæðisáætlun sveitarfélaganna á SV-horni landsins þar sem forsendur eru nú talsvert að breytast. Var það samþykkt.
Páll yfirgaf fundinn.

## 7. Önnur mál.

### a. Umsókn til ráðuneytis í samstarfi við Samband ísl. Sveitarfélaga og Eflu, verkfræðistofu.

Lagt fram. Framkvæmdastjóri greindi frá umsókninni sem gengur út á frekari rannsóknir við að mæla uppstreymi metans frá urðunarstöðum.

### b. Samningur milli SSV og Sorpurðunar Vl. hf.

Lagt fram erindi frá SSV þar sem óskað er eftir hækkun á samningi milli SSV og Sorpurðunar hf. um 10% og hann verði uppfærður 1. júní og 1. desember ár hvert samkvæmt launavísitölu. Samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið.
Fundarritari: Hrefna B. Jónsdóttir

Stjórnarfundur haldinn í stjórn Sorpurðunar Vesturlands hf þriðjudaginn 6. des 2016 kl 15.00

Mætt voru: Kristinn Jónasson
Auður H Ingólfsdóttir
Karitas Jónsdóttir
Sævar Jónsson
Arnheiður Hjörleifsdóttir
Finnbogi Leifsson

Hulda Böðvarsson boðaði forföll.
Einnig sat fundinn framkvæmdastjóri Hrefna B. Jónsd., sem einnig ritaði fundargerð.

Fundargerð er færð í tölvu og er 2 b

Alls voru 7 liðir teknir fyrir á fundi

Kristinn Jónasson
Karitas Jónsdóttir
Finnbogi Leifsson
Sævar Jónsson
Auður Ingólfsdóttir
Arnheiður Hjörleifsd.

Hrefna B. Jónsdóttir

## Hrefna B Jónsdóttir

**From:** Sævar Jónsson <saevar@blikkgh.is>
**Sent:** 6. desember 2016 19:26
**To:** Hrefna B Jónsdóttir
**Cc:** Auður H Ingólfsdóttir; Bjarteyjarsandur; finnbogi@borgarbyggd.is; Kristinn Jónasson; Kritas Jónsdóttir (karitasj@hotmail.com); sturla@stykkisholmur.is; Páll Snævar Brynjarsson
**Subject:** Re: Fundarg.stjf.6.des.2016.docx

ok.

kv SJ

Þann 6. desember 2016 kl. 18:20 skrifaði Hrefna B Jónsdóttir <hrefna@ssv.is>:

## Hrefna B Jónsdóttir

**From:** Karitas Jónsdóttir <karitasj@hotmail.com>
**Sent:** 7. desember 2016 08:47
**To:** Hrefna B Jónsdóttir; Auður H Ingólfsdóttir; Bjarteyjarsandur; finnbogi@borgarbyggd.is; Kristinn Jónasson; sturla@stykkisholmur.is; Sævar Jónsson
**Cc:** Páll Snævar Brynjarsson
**Subject:** Re: Fundarg.stjf.6.des.2016.docx

Sæl,

Samþykkt, kv. Karitas

---

**From:** Hrefna B Jónsdóttir <hrefna@ssv.is>
**Sent:** Tuesday, December 6, 2016 6:20 PM
**To:** Auður H Ingólfsdóttir; Bjarteyjarsandur; finnbogi@borgarbyggd.is; Kristinn Jónasson; Kritas Jónsdóttir (karitasj@hotmail.com); sturla@stykkisholmur.is; Sævar Jónsson
**Cc:** Páll Snævar Brynjarsson
**Subject:** Fundarg.stjf.6.des.2016.docx

Komið sæl öll.
Meðfylgjandi er fundargerð stjórnarfundar sem lauk fyrir stundu.
Vinsamlegast sendið mér athugasemdir og/eða samþykki.

Bestu kveðjur.

Hrefna B. Jónsdóttir, framkvæmdastjóri
Sorpurðunar Vesturlands hf.
Gsm: 863-7364

## Hrefna B Jónsdóttir

**From:** Kristinn Jónasson <kristinn@snb.is>
**Sent:** 7. desember 2016 11:37
**To:** Hrefna B Jónsdóttir
**Subject:** Fundarg.stjf.6.des.2016.docx
**Attachments:** Fundarg.stjf.6.des.2016.docx

Sæl Hrefna.

Búinn að fara yfir fundargerðina og það sem ég lita gult er það sem ég legg til að breytist (sumt innsláttarvillur).

Kveðja / Regards

Kristinn Jónasson
Bæjarstjóri Snæfellsbæ
E-mail: kristinn@snb.is
Farsími: 894-7575

Snæfellsbær
Klettsbúð 4, Hellissandi
360 Snæfellsbær

http://www.snb.is/

Sími: +354-433-6900
Fax: +354-433-6901

EarthCheck
GOLD CERTIFIED
2014

## Hrefna B Jónsdóttir

| | |
|---|---|
| **From:** | Finnbogi Leifsson <hitardalur@simnet.is> |
| **Sent:** | 6. desember 2016 20:39 |
| **To:** | Hrefna B Jónsdóttir |
| **Cc:** | Auður H Ingólfsdóttir; Bjarteyjarsandur; finnbogi; Kristinn Jónasson; Kritas Jónsdóttir, karitasj@hotmail.com; sturla; Sævar Jónsson; Páll Snævar Brynjarsson |
| **Subject:** | Re: Fundarg.stjf.6.des.2016.docx |

Sæl.Ekki athugasemdir. kv.FL

----- Upprunaleg skilaboð -----
Frá: "Hrefna B Jónsdóttir" <hrefna@ssv.is>
Til: "Auður H Ingólfsdóttir" <audurhi@bifrost.is>, "Bjarteyjarsandur" <arnheidur@bjarteyjarsandur.is>, "finnbogi" <finnbogi@borgarbyggd.is>, "Kristinn Jónasson" <kristinn@snb.is>, "Kritas Jónsdóttir, karitasj@hotmail.com" <karitasj@hotmail.com>, "sturla" <sturla@stykkisholmur.is>, "Sævar Jónsson" <saevar@blikkgh.is>
Cc: "Páll Snævar Brynjarsson" <pall@ssv.is>
Sent: Þriðjudagur, 6. Desember, 2016 18:20:13
Efni: Fundarg.stjf.6.des.2016.docx

Komið sæl öll.
Meðfylgjandi er fundargerð stjórnarfundar sem lauk fyrir stundu.
Vinsamlegast sendið mér athugasemdir og/eða samþykki.

## Hrefna B Jónsdóttir

| | |
|---|---|
| **From:** | Auður H Ingólfsdóttir <audurhi@bifrost.is> |
| **Sent:** | 7. desember 2016 09:17 |
| **To:** | Hrefna B Jónsdóttir; Bjarteyjarsandur; finnbogi@borgarbyggd.is; Kristinn Jónasson; Kritas Jónsdóttir (karitasj@hotmail.com); sturla@stykkisholmur.is; Sævar Jónsson |
| **Cc:** | Páll Snævar Brynjarsson |
| **Subject:** | RE: Fundarg.stjf.6.des.2016.docx |

Samþykki hér með fundargerðina.

Bestu kveðjur,

Auður

**From:** Hrefna B Jónsdóttir [mailto:hrefna@ssv.is]
**Sent:** þriðjudagur, 6. desember 2016 18:20
**To:** Auður H Ingólfsdóttir <audurhi@bifrost.is>; Bjarteyjarsandur <arnheidur@bjarteyjarsandur.is>; finnbogi@borgarbyggd.is; Kristinn Jónasson <kristinn@snb.is>; Kritas Jónsdóttir (karitasj@hotmail.com) <karitasj@hotmail.com>; sturla@stykkisholmur.is; Sævar Jónsson <saevar@blikkgh.is>
**Cc:** Páll Snævar Brynjarsson <pall@ssv.is>
**Subject:** Fundarg.stjf.6.des.2016.docx

Komið sæl öll.
Meðfylgjandi er fundargerð stjórnarfundar sem lauk fyrir stundu.
Vinsamlegast sendið mér athugasemdir og/eða samþykki.

Bestu kveðjur.